



**BA-ritgerð
í lögfræði**

Lagahugtakið á þjóðveldisöld

Viðhorf til laga og lagasetningar í íslenska þjóðveldinu

Sigmar Aron Ómarsson

Leiðbeinandi: Viðar Pálsson

Apríl 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð
í lögfræði**

Lagahugtakið á þjóðveldisöld

Viðhorf til laga og lagasetningar í íslenska þjóðveldinu

Sigmar Aron Ómarsson

Leiðbeinandi: Viðar Pálsson

Apríl 2018

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	4
2	Stjórnskipulag íslenska þjóðveldisins	5
3	Lagaleg hugmyndafræði miðalda.....	7
4	Varðveisla laganna	10
5	Réttarheimildir þjóðveldisins	12
6	Lagasetning á þjóðveldisöld.....	14
6.1	Lagarétting	15
6.2	Nýmæli	17
7	Niðurstöður.....	19
	Heimildaskrá	22

1 Inngangur

Flest höfum við einhverja hugmynd um hvað lög eru og hvert hlutverk þeirra sé eða að minnsta kosti eigi að vera í samfélaginu. Hugmyndir um lög, gildi þeirra og tilgang hafa tekið miklum breytingum í tímans rás en þó virðist sem mikilvægi einhvers konar háttennisreglna fyrir samfélagið hafi fljótlega orðið mönnum ljóst. Í *Njáls sögu* segir Njáll Þorgeirsson frá Bergþórshvoli í frægri ræðu á Alþingi: „[...] því að með lögum skal land vart byggja, en með ólögum eyða.“¹ Efnislega má meira að segja finna svipaða setningu í þeim hluta lögbókar Jústíníanusar Rómarkeisara frá 6. öld, sem heitir *Digesta*, en þar er hún höfð eftir Sextusi Pomponiusi sem uppi var á 2. öld.² Hún er í dag betur þekkt í útgáfunni „með lögum skal land byggja“, sem einkunnarorð íslensku lögreglunnar. Þessi orð Njáls eru til marks um mikilvægi laga í hugum manna á miðöldum enda virðist gert ráð fyrir því að lög séu forsenda þess að land geti byggst upp eða að fylgni við lögin sé forsenda þess að búa megi í landinu. Þá vaknar hins vegar spurningin um hvað átt sé við með lögum í þessum skilningi. Ljóst er að Njáll á Bergþórshvoli hafði ekki sama skilning á hugtökunum lög, löggjöf eða löggjafarvald og við höfum í dag.

Markmið þessarar ritgerðar er að fjalla um hugmyndir manna á þjóðveldistímanum um lög og lagasetningu og varpa þannig ljósi á lagahugtakið á þjóðveldisöld. Hvaða skilning menn lögðu í hugtakið lög, hvernig þau voru leidd í ljós og varðveitt og hvernig nýjar reglur komust inn í réttarkerfi þjóðveldisins. Það er grundvallaratriði í allri umfjöllun um íslenska þjóðveldið og lög þess að átta sig á þessum hugmyndum og því um að ræða mikilvæga forsendu skilnings á réttarsögu Íslands. Jafnframt er mikilvægt fyrir þá sem leggja stund á lögfræði nútímans að skilja fortíðina og rætur þeirra reglna sem gilda í dag³. Stuðst verður við rannsóknir innlendra og erlendra fræðimanna á þessu sviði og tilraun gerð til að draga upp heildstæða mynd af viðfangsefninu.

Hefðbundið er að marka þjóðveldistímamann frá stofnun allsherjarríkis á Íslandi um árið 930⁴, í kjölfar landnámsaldar, og fram til lögfestingar *Gamla sáttmála*, þegar Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd á árunum 1262-64.⁵ Íslenska þjóðveldið spannaði samkvæmt þessu

¹ *Íslensk fornrit XII*, bls. 172.

² Þorsteinn Hjaltason: „Hver er uppruni orðatiltækisins „með lögum skal land byggja“?“, <http://www.visindavefur.is>.

³ Elstu gildandi lögin í íslenska lagasafninu eru ákvæði úr *Jónsbók* frá árinu 1281, stuttu eftir að þjóðveldið leið undir lok. Umfjöllunarefni ritgerðarinnar gæti því einnig haft raunhæfa þýðingu við túlkun gildandi laga.

⁴ Sigurður Línadal: *Réttarsögubættir*, bls. 84.

⁵ Sigurður Línadal: *Réttarsögubættir*, bls. 121.

næstum allan þann tíma sem gjarnan er vísað til sem hámiðalda, en hefðbundið er að miða þær við árin 1000/1050-1300⁶ og verður það gert hér.

Stuðst verður við útgáfu Máls og menningar á *Grágás*, lagasafni íslenska þjóðveldisins, sem þeir Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um. Hún byggir á útgáfu Vilhjálms Finsen frá árunum 1852-83 og er *Staðarhólsbók* lögð til grundvallar, en þeir þættir teknir upp sem *Konungsbók* geymir umfram *Staðarhólsbók*.⁷

Uppbygging ritgerðarinnar verður með þeim hætti að í öðrum kafla verður stjórnskipulag þjóðveldisins rakið í stuttu máli og fjallað um helstu stofnanir þess sem máli skipta fyrir umfjöllunarefnið. Í þriðja kafla verður farið yfir lagalega hugmyndafræði miðalda í íslensku og evrópsku samhengi. Fjórði kafla fjallar um lagavarðveislu og sá fimmti um réttarheimildir þjóðveldisins. Í sjötta kafla verður skoðað nánar það sem kalla má lagasetningu á þjóðveldisöld. Með því er átt við þau hlutverk lögrétta að rétta lög og gera nýmæli. Helstu niðurstöður verða að lokum dregnar saman í sjöunda kafla.

2 Stjórnskipulag íslenska þjóðveldisins

Áður en nánar verður fjallað um meginefni þessarar ritgerðar er rétt að fara nokkrum orðum um stjórnskipulag íslenska þjóðveldisins og helstu stofnanir þess sem máli skipta við eftirfarandi umfjöllun. Helst má í því sambandi nefna Alþingi, lögrétta og embætti lögsögumanns.

Við stofnun allsherjarríkis um árið 930 völdu Íslendingar þingi sínu nafnið Alþingi eins og hin upphaflegu allsherjarþing í Noregi voru kölluð, þrátt fyrir að Alþingi væri ekki allsherjarþing í þeim skilningi. Alþingi samanstóð af lögrétta, fjórðungsdómum og fimmtardómi. Þingstaðurinn var Þingvellir og fóru þingstörf aðallega fram á Lögbergi og í lögrétta. Á Lögbergi var bækistöð lögsögumanns, þar voru stefnur birtar, ræður haldnar og hugmyndir kynntar. Þar var þing helgað og því slitið og þaðan fóru lögrétta og dómur út til starfa.⁸

Lögrétta hefur af fræðimönnum verið talin mikilvægasta stofnun Alþingis. Í Lögréttaþætti *Grágásar* segir:

Lögrétta skulum vér og eiga og hafa hér hvert sumar á alþingi, og skal hún sitja í þeim stað ávallt sem lengi hefir verið. Þar skulu þallar þrjár vera umhverfis lögréttuna, svo víðir að rúmlega megi sitja á hverjum þeirra farnar tylftir manna. Það eru tólf menn úr fjórðungi hverjum er lögréttusetu

⁶ Sigurður Línal: *Réttarsögubættir*, bls. 57.

⁷ *Grágás*, bls. xxvi-xxviii.

⁸ Sigurður Línal: *Réttarsögubættir*, bls. 91-92.

eigu, og lögsögumaður umfram, svo að þar skulu ráða lögum og lofum. Þeir skulu allir sitja á miðpalli, og þar eigu biskupar vorir rúm.⁹

Um upphaflega skipan lögréttu er ekki vitað fyrir víst en talið er að við stofnun Alþingis hafi þar setið 36 goðar.¹⁰ Breyting varð á varnarþingsreglum um árið 960 og landinu skipt í fjórðunga.¹¹ Um breytinguna segir í *Íslendingabók* Ara fróða:

Þá var landinu skipt í fjórðunga, svo að þrjú urðu þing í hverjum fjórðungi, og skyldu þingnautar eiga hvar saksóknir saman, nema í Norðlendingafjórðungi voru fjögur, af því að þeir urðu eigi á annað sáttir. Þeir er fyrir norðan voru Eyjafjörð vildu eigi þangað sækja þingið og eigi í Skagafjörð þeir er þar voru fyrir vestan. En þó skyldi jöfn dómnefna og lögréttuskipan úr þeirra fjórðungi sem úr hverjum öðrum. En síðan voru sett fjórðungarþing.¹²

Af þessu hefur verið dregin sú ályktun að eftir skiptingu landsins í fjórðunga hafi goðum í stjórnkerfinu fjölgaði í 39, þar sem goðum úr Norðlendingafjórðungi fjölgaði um þrjá.¹³ Þeir voru þá orðnir 12 á miðpalli lögréttu en einungis 9 úr hinum þremur fjórðungunum. Til að jafna út þetta misvægi milli fjórðunga áttu samþingsgoðar í öðrum fjórðungum en Norðlendingafjórðungi að nefna einn mann til setu á miðpalli lögréttu þannig að 12 menn kæmu úr hverjum fjórðungi. Miðpallur lögréttu var þá skipaður 48 mönnum, sem hver hafði tvo umráðamenn. Í allt sátu því í lögréttu 144, en 145 ef lögsögumaður var ekki jafnframt goðorðsmaður. Eftir að kristni festi sig í sessi fengu þar einnig sæti tveir biskupar og hafa þá í allt 146 eða 147 setið í lögréttu.¹⁴ Í *Grágás* segir um störf lögréttu:

Þar skulu menn rétta lög sín og gera nýmæli ef vilja. Þar skal beiða mönnum sýknuleyfa allra og sáttaleyfa þeirra er allra er einkalofs skal að beiða og margra lofa annarra, svo sem tínt er í lögum.¹⁵

Samkvæmt þessu hefur hlutverk lögréttu verið þríþætt: að rétta lög, gera nýmæli og veita leyfi og undanþágur. Nánar verður fjallað um réttingu laga og gerð nýmæla í 6. kafla.

⁹ *Grágás*, bls. 461.

¹⁰ Gunnar Karlsson: *Goðamennning*, bls. 85.

¹¹ Þetta á að hafa gerst í kjölfar deilna Þórðar gellis Ólafssonar frá Hvammi í Dölum og Tungu-Odds Önundarsonar frá Breiðabólstað í Reykjadal í Borgarfirði vegna bruna Hænsa-Þóris og féлага hans á Þorkeli Blund-Ketilssyni í Örnólfsdal í Borgarfirði. Mál gegn brennumönnum átti að sækja á þingi því sem næst var vettvangi, sem var á Þingnesi í Borgarfirði. Þingið fór úr böndunum og slóst í bardaga milli deiluaðila. Málið gekk svo til Alþingis og endaði með sekt og drápi Hænsa-Þóris. Þórður gellir er þá sagður hafa vakið athygli þingsins á nauðsyn umbóta á varnarþingsreglum. Sjá nánar, Sigurður Línal: *Réttarsögubættir*, bls. 94 og Gunnar Karlsson: *Goðamennning*, bls. 65.

¹² *Íslensk fornrit I. Íslendingabók*, bls. 12.

¹³ Gunnar Karlsson: *Goðamennning*, bls. 85.

¹⁴ Sigurður Línal: *Réttarsögubættir*, bls. 95. Rétt er að taka fram að fræðimenn eru ekki fyllilega sammála um þróun fjölda goðorða. Ekki gefst hins vegar tóm til að rekja mismunandi sjónarmið hvað það varðar í þessari ritgerð og vísast um þau til fræðaskrifa á sviði íslenskrar miðaldarsögu.

¹⁵ *Grágás*, bls. 462.

Lögsögumaður var oddviti Alþingis, kosinn af lögréttu til þriggja ára. Meginhlutverk lögsögumanns var að muna lögin og segja þau upp á Alþingi. Eins og sést í ákvæðum Lögsögumannspáttar *Grágásar* átti hann að segja upp alla lögbætti á þremur sumrum en þingsköp á hverju sumri. Gert var ráð fyrir að hann gæti ráðfært sig við fimm lögspekinga, enda sjálfsagt um flókið verk að ræða. Lögsögumaður var jafnframt forseti Alþingis og fundarstjóri lögréttu. Um var að ræða valdamikið embætti við þingstörfin og jafnan gegndu því mikilsvirtir höfðingjar eins og Þorgeir Ljósvetningagoði Þorkelsson, Snorri Sturluson og Jón Einarsson, svo nokkrir séu nefndir.¹⁶

3 Lagaleg hugmyndafræði miðalda

Þær hugmyndir sem menn höfðu um lög á miðöldum voru æði ólíkar þeim sem við höfum í dag. Í kaflanum verða þessar hugmyndir miðaldarmanna kannaðar. Lagaleg hugmyndafræði þess tíma sem markar íslenska þjóðveldið var síður en svo eingöngu bundin við Ísland og því verður einnig litið til meginlands Evrópu í þessari umfjöllun og þeirrar þróunar sem þar átti sér stað á þessum tíma.

Eftir stofnun rómverska keisaradæmisins fengu hinir rómversku keisarar smám saman vald til beinnar lagasetningar, bæði í gegnum beinar opinberar tilskipanir en einnig með skriflegum svörum við fyrirspurnum um lagaleg álitæfni.¹⁷ Þessi regla heimilaði keisaranum í raun að setja lög að vilja sínum: „Quod principi placuit, legis habet vigorem“.¹⁸ Hnignun og fall hins Vestrómverska ríkis á 5. öld hafði hins vegar mikil áhrif á rómverskan rétt í Vestur-Evrópu sem blandaðist smám saman germönskum venjurétti og mjög dró úr tengslum við rómversku keisaralöggjöfina.¹⁹

Í germönskum venjurétti miðalda var litið á lögin sem óskráðar og óbreytanlegar háttæmisreglur sem drottnuðu yfir öllum stéttum samfélagsins, jafnvel þjóðhöfðingjanum. Þeir gátu mögulega dæmt í lagaþrætum, en þá með því að leiða fram réttinn og alls ekki með setningu nýrra lagareglna.²⁰ Lögin voru álitin forn venja sem staðið hefði frá alda öðli og aldurinn var því eitt mikilvægasta einkenni laganna. Ekki var gerður sérstakur greinarmunur á lagareglum og annars konar reglum, svo sem siðferðisreglum, heldur fólust í lagahugtakinu hvers kyns reglur sem áttu sér stoð í réttvísi, siðgæði og skynsemi manna.²¹ Í samræmi við þetta voru lögin eitthvað utanaðkomandi, ekki undirorpin valdi manna. Í mesta lagi mátti skýra lögin

¹⁶ Sigurður Línadal: *Réttarsögubættir*, bls. 93 og *Grágás*, bls. 459-460.

¹⁷ P. G. Stein: „Roman Law“, bls. 38-39.

¹⁸ Sigurður Línadal: „Stjórnskipunarhugmyndir og stjórnarhættir til loka hámiðalda“, bls. 8.

¹⁹ Sigurður Línadal: *Réttarsögubættir*, bls. 49-50.

²⁰ R. C. Van Caenegem: *Legal History*, bls. 123-124.

²¹ Sigurður Línadal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 125.

eða heimfæra til nýrra aðstæðna, þó í því skyni að varpa frekara ljósi á hinn gamla og góða rétt en ekki til lagalegrar nýsköpunar. Hins vegar tók rétturinn í raun og veru miklum breytingum, ómeðvitað, með túlkun og beitingu laganna í óteljandi málaferlum. Enginn hafði beint vald til að breyta réttinum og það hentaði illa þjóðhöfðingjum með áhuga á að koma skipulagi á lönd sín.²² Það er því ekki að undra að lagasetningarhefð hafi tekið töluverðum breytingum á hámiðöldum.

Um miðja 12. öld lauk munkurinn Gratianus við lagaskrá sína *Concordia Discordantium Canonum*, oftast nefnd *Decretum Gratiani*. Í henni safnaði hann saman ákvæðum laga kirkjunnar. Auk þess að safna þeim saman skrifaði hann skýringar við ákvæðin og var fyrstur manna á miðöldum til þess. Í upphafi ritsins fjallaði Gratianus um lög og gildi þeirra og sagði að mannkyninu væri stjórnað af tveimur hlutum: náttúrulögum og venjum. Þá sagði hann að lögum væri komið á með yfirlýsingu eða birtingu en löggilt með samþykki fólksins. Í þessum skrifum Gratianusar birtast ríkjandi hugmyndir um lög á 12. öld í Evrópu. Lög manna áttu að byggja á náttúrulögum og venjurétti sem þjóðhöfðinginn var bundinn af og bar að vernda.²³

Skilningur Gratianusar á lögum og uppruna þeirra var litaður af endurreisn lögspekingar á seinni hluta 11. aldar. Þá fóru menn á ný að leggja stund á hinn forna rómverska rétt á Ítalíu, með háskólann í Bologna í broddi fylkingar.²⁴ Í kjölfar enduruppötvunar lögbókar Jústinianusar, *Corpus Juris Civilis*, frá 6. öld tóku lögspekingar að rannsaka áður nefnt löggjafarvald keisarans sem var mjög ólíkt hinum sterka venjurétti þeirra tíma. Í upphafi 12. aldar skrifaði ítalski lögspekingurinn Irnerius frá Bologna að venjurétt bæri að varðveita, sérstaklega ef hann væri skynsamlegur og stangaðist ekki á við lög manna. Hann var þeirrar skoðunar að þrátt fyrir að venja gæti verið gild réttarheimild gæti hún ekki ógilt tilskipanir sem stöfuðu frá þjóðhöfðingjanum. Í riti sínu, *Summa Aurea*, frá upphafi 13. aldar skrifaði Azo, einnig lögspekingur frá Bologna, að venja gæti viðhaldið lögum, ógilt þau og nýst við túlkun þeirra. Venja sem stangaðist á við nýrri rituð lög væri ógild en hins vegar gæti venja fellt eldri rituð lög úr gildi. Litið var á lög sem vilja þjóðhöfðingjans, tempraðan af venjurétti og einungis birtur af nauðsynlegum og réttlátum ástæðum.²⁵

Á þessum hugmyndum ítölsku lögspekinganna frá Bologna sést glögglega að virkt lagasetningarvald var að aukast og færast í hendur þjóðhöfðingja. Þetta skýrist fyrst og fremst

²² R. C. Van Caenegem: *Legal History*, bls. 123-124.

²³ K. Pennington: „Law, legislation and government, 1150-1300“, bls. 424.

²⁴ Sigurður Línadal: *Réttarsögubættir*, bls. 67.

²⁵ K. Pennington: „Law, legislation and government, 1150-1300“, bls. 425.

af því að á 12. og 13. öld efldust þjóðríki Vestur-Evrópu mjög, konungsvald styrktist og stjórnarsýsla komst í fastari skorður en hún hafði áður verið.²⁶

Meðal ástæðna fyrir þessari þróun var efling verslunar og viðskipta. Á 9. öld fór að lifna töluvert yfir viðskiptum í borgum á Norður-Ítalíu eftir að þær höfðu jafnað sig á innrás Langbarða á 6. öld. Þeim hafði að vísu aldrei hnignað jafn mikið og borgum norðan Alpafjalla en þar fór þessara auknu verslunaráhrifa ekki að gæta að marki fyrr en á 11. öld. Krossferðir, sem hófust í lok 11. aldar, stuðluðu enn fremur að samskiptum fjarlæggra þjóða. Vaxandi viðskipti og verslun ýtti undir aukna framleiðslu og borgir tóku að eflast og stækka. Til að viðskipti gætu gengið vel fyrir sig þurfti að tryggja frið og minnka völd ýmissa staðbundinna höfðingja sem réðu miklu á uppgangstímum lénsskipulagsins og trufluðu verslun með tollum og sköttum eftir eigin höfði. Jafnframt var nauðsynlegt að sigrast á hefðbundnum óaldarlýð. Þessir hagsmunir urðu til þess að ríkari kröfur voru gerðar til þjóðhöfðingja um að tryggja festu í stjórnarháttum og frið.²⁷ Þessari friðarviðleitni sést einnig greinilega stað í *Gamla sáttmála* frá 1262-64 en friðargæsla var meðal mikilvægustu skyldna konungs samkvæmt honum, enda var hann gerður í kjölfar átaka Sturlungaaldarinnar.²⁸

Að auki tók kirkjan virkan þátt í að efla völd konunga. Vald þeirra átti samkvæmt kenningum kirkjunnar upphaf sitt hjá guði, sem réttlætti sjálfstætt aukin völd konunga á kostnað áhrifa annarra veraldlegra höfðingja. Kirkjan þurfti einnig á friðinum að halda til að stunda sitt starf og breiða út hinn kristna boðskap. Hún leit svo á að stuðningur við konungsvaldið og efling þess væri vænlegast til að friður næðist. Þessir sameiginlegu hagsmunir verslunarinnar og kirkjunnar urðu til þess að konungar fóru smám saman að setja lög til að tryggja guðsfrið og kaupfrið sem náðu til alls ríkisins og styrktu þannig einnig hugmyndir um einingu þjóðríkisins. Samhliða þessu jukust ítök konunga í dómsýslu sem var nauðsynlegt til að tryggja framfylgd laganna og fullnustu refsinga.²⁹

Áður var vikið að endurreisn rómverskrar lögspeki en hún átti, auk þess sem áður er talið, ríkan þátt í að efla konungsvald. Konungar miðalda tóku undir þær kenningar um lagasetningarvald sem þar birtust. Þær breiddust um Evrópu og höfðu mikil áhrif á ríkjandi stjórnskipunarhugmyndir. Nærtækt dæmi um útbreiðslu þessara kenninga eru ummæli Loðins lepps á Alþingi 1281 um lagasetningarvald konungs í umræðu um lögfestingu *Jónsbókar*, þar

²⁶ Sigurður Línal: „Stjórnskipunarhugmyndir og stjórnarhættir til loka hámiðalda“, bls. 7.

²⁷ Sigurður Línal: „Stjórnskipunarhugmyndir og stjórnarhættir til loka hámiðalda“, bls. 7.

²⁸ Sigurður Línal: *Réttarsögubættir*, bls. 65-67.

²⁹ Sigurður Línal: „Stjórnskipunarhugmyndir og stjórnarhættir til loka hámiðalda“, bls. 7-9.

sem hann sagði búkarla ekkert eiga að hafa um það að segja hver væru lög í landinu heldur konungur einn.³⁰

Allt spilaði þetta saman og leiddi til þess að ríkjandi skoðanir um að löginn væru arfhelg venja sem allir, konungar jafnt sem þegnar, væru bundnir af léttu undan fyrir nýjum hugmyndum um vald konunga til að setja bindandi lög á því landsvæði sem þeir réðu yfir.

4 Varðveisla laganna

Víkur nú sögunni aftur til Íslands á þjóðveldisöld. Eins og áður segir var það helsta hlutverk lögsögumanns á Alþingi að segja upp öll löginn á þremur sumrum. Fyrirmæli *Grágásar* um lögsögumann og lagauppsögu sýna viðleitni manna á þjóðveldistímanum til að varðveita löginn með samræmdum hætti. Fyrir ritöld voru löginn að sjálfsögðu óskráð og líklegt að þessi ákvæði um hlutverk lögsögumanns eigi rót sína að rekja til þess tíma.³¹ Skráning laganna, eftir að hún hófst, tók þó ekki af allan vafa um hver þau væru, enda var engu miðstýrðu framkvæmdarvaldi til að dreifa sem gæti haldið utan um gildandi lög og engar reglur um formlega birtingu eða gildistöku laga.

Elsta heimildin um lagaritun á Íslandi er frásögn í *Íslendingabók* frá Alþingi veturinn 1117-18.³² Þar segir að það nýmæli hafi verið gert það ár að skrifa ætti löginn á bók og voru Bergþór Hrafnsson lögsögumaður, Hafliði Músson goðorðsmaður og aðrir lögspakir menn fengnir til verksins.³³ Þó er talið víst að lög hafi verið skrifuð fyrir árið 1117 á Íslandi og hefur verið nefnt sem dæmi að sáttmálinn við Noregskonung um rétt Íslendinga í Noregi og rétt konungs og þegna hans á Íslandi hafi sennilega verið færður í letur um 1082 og títundarlög þegar þau voru sett 1096-97.³⁴ Þrátt fyrir að tekið hafi verið að skrá niður löginn verður að hafa í huga þær hugmyndir um lög sem áður hefur verið fjallað um, að þau séu óbreytanlegur og sameiginlegur forn arfur sem geymist í minni lögfróðra manna. Að auki var auðvelt að falska rituð skjöl og mun það iðulega hafa verið gert. Þannig gátu höfðingjar hagrætt rituðum heimildum eftir eigin hentisemi og því ekki alltaf hægt að treysta á þær. Þá var aðeins brot af lögnum skráð og stór hluti þeirra áfram óskráður. Af þessum sökum var lagauppsaga lögsögumanns áfram mikilvægur þáttur í lagavarðveitingu eftir að menn tóku að skrá löginn niður.³⁵

³⁰ Sigurður Línal: „Lögfesting Jónsbókar 1281“, bls. 189 og Sigurður Línal: „Stjórnskipunarhugmyndir og stjórnarhættir til loka hámiðalda“, bls. 8.

³¹ Sigurður Línal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 126-127.

³² Sigurður Línal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 131.

³³ *Íslensk fornrit I. Íslendingabók*, bls. 23-24 og Ólafur Lárusson: *Yfirlit yfir íslenska rjettarsögu*, bls. 60.

³⁴ Peter Foote: *1117 in Iceland and England*, bls. 14, Sigurður Línal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 129 og Vilhjálmur Finsen: *Grágás*, bls. 218-219 í *Efterskrift*, sem prentað er aftan við útgáfu Finsen af *Grágás*.

³⁵ Sigurður Línal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 131.

Sigurður Líndal telur að þrátt fyrir að lögsögumaður og aðstoðarmenn hans hafi sjálfsagt stuðst við ýmsar skrár í störfum sínum eftir að tekið var að skrifa lögin niður, hafi það verið lagauppsagan sjálf sem í reynd staðfesti endanlega hvað væru lög.³⁶ Þetta á sér stoð í þeim hugmyndum að verið væri að leiða lögin í ljós, sbr. orð *Grágásar* um „að lögsögumaður [skuli] svo gerla þáttu alla upp segja að engi viti einna miklu ger“.³⁷ Með öðrum orðum hafi verið að leiða í ljós hvað menn vissu eða töldu sig vita um lögin en ekki hvernig þeir vildu að lögin væru eða hvernig þeim ætti að breyta.³⁸

Ólafur Lárusson benti á að þessi tilhögun hafi gert það að verkum að lögsögumaður hafi getað haft töluverð áhrif á það form sem lögin geymdust í. Hann hafi þannig getað raðað efninu niður og sett það fram með þeim hætti sem hann taldi réttast hverju sinni. Því hafi persónulegur stíll eða blær hvers lögsögumanns haft töluverð áhrif á lögin á hverjum tíma. Ólafur taldi að þetta mætti t.d. sjá af lagaskráum sem varðveist hafa fram á okkar daga og þeim mun sem gjarnan er á þeim.³⁹

Í þessu samhengi má einnig benda á gamla túlkun Danans Johans F. Schlegel, upphafsmanns könnunar á *Grágás* á 19. öld, sem Gunnar Karlsson rifjar upp í riti sínu, *Goðamening*. Hann hélt því fram að lögsögumaður hefði ekki einungis áhrif á lögin og hvernig þau birtust heldur hefði hann haft vald til að gefa út eins konar tilskipanir, edikter á dönsku. Þetta rökstuddi Schlegel með vísan til ákvæða í *Grágás* þar sem persónufornafnið „Eg“ er notað um lögsögumann en það kemur fyrir þrettán sinnum.⁴⁰ Sem dæmi má nefna eftirfarandi brot úr 24. kapitula Kristinna laga þáttar: „Vér skulum halda þvottdag hinn sjöunda hvern nónhelgan svo að þá skal ekki vinna er eykt líður, nema það er nú mun eg telja: [...]“⁴¹ Þessi túlkun Schlegels ber þess merki að hann bjó í Danmörku á tímum einveldisins þar sem konungur gaf út tilskipanir með lagagildi í fyrstu persónu. Þjóðernis- og lýðræðissinnaðir Íslendingar voru að vonum ekki ánægðir með hugmyndir Schlegels og höfnuðu skilningi hans einróma. Gunnar Karlsson bendir á að lögsögumaður hafi verið kosinn af goðunum og því myndi það í sjálfu sér ekki eyðileggja hugmyndir um goðaveldið að játa lögsögumanni vald til að gefa út tilskipanir. Hann telur þó að ekki séu fyrir hendi rök sem styðji við að framsetning *Grágásar* á

³⁶ Sigurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 128. Sambærileg sjónarmið má í dag sjá í 3. mgr. 186. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og 3. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 en í báðum ákvæðum segir að dómur sé bindandi fyrir dómara þegar hann hefur verið kveðinn upp. Það skal almennt gert í heyranda hljóði á dómþingi sbr. 3. mgr. 209. gr. og 3. mgr. 226. gr. sakamálalaga og 3. mgr. 165. gr. og 3. mgr. 189. gr. laga um meðferð einkamála.

³⁷ *Grágás*, bls. 459-460.

³⁸ Sigurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 128.

³⁹ Ólafur Lárusson: *Lög og saga*, bls. 84.

⁴⁰ Gunnar Karlsson: *Goðamening*, bls. 111.

⁴¹ *Grágás*, bls. 24.

lögsögumanni í fyrstu persónu sé merki um slíkt heldur eigi hún sér þá skýringu að lögin hafi verið lögð í munn lögsögumanns, hvort sem það hafi verið leif af munnlegri varðveislu þeirra eða ímynd lagaritara af flutningi þeirra. Niðurstaða Gunnars er því að ólíklegt sé að lögsögumaður hafi haft slíkt vald.⁴² Með hliðsjón af ríkjandi hugmyndum um lagasetningu á þjóðveldisöld og kenningum síðari tíma fræðimanna verður að taka undir þá niðurstöðu Gunnars að hafna túlkun Schlegels.

5 Réttarheimildir þjóðveldisins

Í Lögréttuþætti *Grágásar* segir um það sem kalla má réttarheimildir⁴³ þjóðveldisins:

Það er og að það skulu lög vera á landi hér sem á skrá standu. En ef skrár skilur á, og skal það hafa er stendur á skrá þeim er biskupar eigu. Nú skilur enn þeirra skrár á, þá skal sú hafa sitt mál er lengra segir þeim orðum er máli skipta með mönnum. En ef þær segja jafnlangt, og þó sitt hvor, þá skal sú hafa sitt mál er í Skálholti er. Það skal allt hafa er finnst á skrá þeirri er Hafliði lét gera nema þokað sé síðan, en það eitt af annarra lögmanna fyrirsögn er eigi mæli því í gegn, og hafa það allt er hisug leifir eða glöggra er.⁴⁴

Nánar tiltekið er verið að segja við hvaða heimildir skuli styðjast þegar komist er að niðurstöðu um það hvað séu lög. Rétt er að taka fram að þetta ákvæði hefur eðli málsins samkvæmt ekki getað gilt áður en ritun lagaskráa hófst og ber því vott um réttarástandið eins og það hefur verið eftir að það gerðist. Fyrir þann tíma voru lögin óskráð og geymdust í minni lögspakra manna.

Áður hefur verið sagt frá elstu heimildinni um lagaritun á Íslandi og mun Hafliði sá sem vísað er til í ofangreindu ákvæði *Grágásar* vera Hafliði Másson frá Breiðabólstað, sem kom að lagarituninni veturinn 1117-18. Afrakstur hennar hefur verið kallaður *Hafliðaskrá* eftir honum. Peter Foote, prófessor í norrænum fræðum við University College London, benti á að ofangreint ákvæði sé vísbending um tilvist töluverðs fjölda skráðra heimilda um lög á 12. öld. Hann benti einnig á tengsl ákvæðisins við rómversku tilvitnunarlögin. Mikilvægust þeirra voru sett af keisurunum Þeódósíusi og Valentiníanusi árið 426. Í þeim var bundin í lög innbyrðis rétthæð rita hinna rómversku lögspekinga en ástæða þess var fyrst og fremst óvissa um gildandi lög sem var eitt af hnignunareinkennum rómverska ríkisins á þeim tíma.⁴⁵

⁴² Gunnar Karlsson: *Goðamening*, bls. 112-116.

⁴³ Með réttarheimildum er átt við hvers konar stoð undir réttarreglu. Sigurður Línadal hefur skilgreint réttarheimildir með eftirfarandi hætti: „Réttarheimildir eru þau viðmið – gögn, sú háttsemi, þær hugmyndir og hvaðeina annað – sem almennt er viðurkennt að nota skuli eða nota megi til rökstuðnings þegar réttarreglu er slegið fastri eða hún mótuð almennt eða í ákveðnu tilfalli. Sjá nánar, Sigurður Línadal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 76.

⁴⁴ *Grágás*, bls. 463.

⁴⁵ Peter Foote: *1117 in Iceland and England*, bls. 8-9 og Sigurður Línadal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 130.

Ákvæðið hefur í raun að geyma þrjár reglur. Úr því má lesa að meginreglan hafi verið sú að það skyldu vera lög sem á skrám stóð. Þetta þýðir að mikil breyting hefur orðið þegar ritöld hófst og farið var að taka skráðar lagareglur fram yfir óskráðar. Önnur reglan er að hafa skuli það sem á skrá biskupa standi ef þær skilur að og hin þriðja að hafa skuli allt það sem á skrá Hafliða stendur, með ákveðnum takmörkunum.⁴⁶

Um innbyrðis aldur reglnanna er Sigurður Línadal þeirrar skoðunar að fyrsta reglan, þ.e. meginreglan, hljóti að hafa komið inn eftir að *Hafliðaskrá* var rituð og sennilega allöngu síðar. Hann tekur jafnframt undir þá hugmynd Páls Breim frá 1885 að ákvæðin um *Hafliðaskrá* séu eldri en ákvæðin um skrár biskupa. Sigurður telur að þróunin á ákvæðunum hafi orðið sú að álitamál hafi snemma vaknað um stöðu *Hafliðaskrár*, m.a. þar sem hún hafi ekki haft að geyma öll lög. Til að bregðast við þessu hafi verið ákveðið að styðjast alltaf við hana og ekki það sem aðrir lögfróðir sögðu eða rituðu, nema ákvæðum hennar hefði verið þokað, ákvæði skorti, eða reglu væri gert glögglegar skil annarsstaðar.⁴⁷ Þetta á sér stoð í þeim orðum *Grágásar* að „það [skuli] allt hafa er finnst á skrá þeirri er Hafliði lét gera nema þokað sé síðan, en það eitt af annarra lögmannna fyrirsögn er eigi mæli því í gegn, og hafa það allt er hisug leifir eða glöggra er.“⁴⁸ Með fjölgun lagaskráa hafi þær svo í raun orðið aðalheimild um lög og þá skapast grundvöllur til að setja fram meginregluna um að þær skyldu hafa lagagildi umfram óskráð lög. Þar sem skrárnar voru margar og oft ósamhljóða hafi hins vegar þurft að setja reglu um innbyrðis vægi þeirra og þá ákveðið að ef ósamræmi væri milli skráa skyldi það hafa sem á skrá biskupa stæði. Niðurstaða Sigurðar um aldursröð reglnanna er því sú að fyrst hafi komið ákvæði um *Hafliðaskrá*, þá almenna meginreglan um að það skyldi hafa sem á skrá stæði og svo reglan um skrár biskupa fljótlega í kjölfarið.⁴⁹

Sigurður telur að orðalag almennu reglunnar, að það skuli vera lög sem á skrá stendur, bendi til þess að allar skrár hafi almennt verið jafnrétt háar og frá því hafi ekki verið vikið nema ósamræmi væri á milli og ágreiningur yrði vegna þess. Þá hafi skrá biskupa og *Hafliðaskrá* verið skipað skör hærra en öðrum skráðum lögum. Innbyrðis milli skráa biskupa hafi svo verið rétt hærra sú sem þótti ítarlegri um viðkomandi mál og ef þær voru jafn ítarlegar réði sú sem var í Skálholti, samanber orðin: „Nú skilur enn þeirra skrá á, þá skal sú hafa sitt mál er lengra segir þeim orðum er máli skipta með mönnum. En ef þær segja jafnlangt, og þó sitt hvor, þá skal sú hafa sitt mál er í Skálholti er.“⁵⁰ Skráðum lögum til fyllingar og túlkunar hafi svo verið óskráð

⁴⁶ Sigurður Línadal: „Lög og lagasetning í íslenzka þjóðveldinu“, bls. 132.

⁴⁷ Sigurður Línadal: „Lög og lagasetning í íslenzka þjóðveldinu“, bls. 133.

⁴⁸ *Grágás*, bls. 463.

⁴⁹ Sigurður Línadal: „Lög og lagasetning í íslenzka þjóðveldinu“, bls. 133-134.

⁵⁰ *Grágás*, bls. 463.

lög í lögspakra manna minnum. Í raun þýðir þetta að skrár biskupa og *Haflíðaskrá* hafi verið réttþærri réttarheimildir en aðrar skrár.

Einar Arnórsson dró þær ályktanir af ofangreindu ákvæði í Lögréttuþætti *Grágásar*, að elst hafi verið *Haflíðaskrá*, og því hafi yngri skrár vikið fyrir henni, m.a. skrár biskupa, nema þær hefðu yngri fyrirmæli að geyma sem ekki væri að finna í *Haflíðaskrá* eða hefðu verið numin úr henni eða breytt. Ef *Haflíðaskrá* skar ekki úr skyldu biskupaskrárnar ráða og innbyrðis vægi þeirra eins og áður var sagt.⁵¹ Blæbrigðamunur er á þeim ályktunum sem Einar og Sigurður draga af ákvæðinu en Einar er afdráttarlausari í uppröðun réttarheimildanna í réttþæð. Verið getur að ályktanir hans sé að einhverju leyti litaðar af stjórnskipunarhugmyndum þess tíma sem hann stundar sín fræði, um miðja síðustu öld, og þeirrar réttarheimildafræði sem stunduð er í lögfræði nútímans. Af skrifum Sigurðar sést að hann leggur sig fram við að aftengja lögfræði nútímans og leitar stuðnings fyrir ályktunum sínum í því sem við teljum okkur vita um hugarheim manna á þjóðveldistímanum og ríkjandi stjórnskipunarhugmyndum þess tíma.

Þar sem virku, miðlægu löggjafarvaldi var ekki fyrir að fara hljóta lagaskrár að hafa verið æði mismunandi og hefur það sjálfsagt oft valdið vandræðum og óvissu í réttarframkvæmd. Ákvæðinu um gildi lagaskráa hefur verið ætlað að taka á þessu vandamáli, eins og áður er rakið. Eins og þekkt er gekk það þó ekki betur en svo að Íslendingar misstu stjórn á réttarþróuninni með þeim afleiðingum að þeir gengu Noregskonungi á hönd með *Gamla sáttmála*. Önnur leið hefði getað verið sú að setja landinu lögbók með löggiltum texta. Sú leið var þó sennilega ekki raunhæf í íslenska þjóðveldinu vegna skorts á markvissu löggjafarvaldi. Til að setja landinu lögbók hefði orðið að efla það til muna en slíkt væri í miklu ósamræmi við ríkjandi skilning á lögum og lagasetningu. Það var því ekki fyrr en stjórnskipan landsins hafði riðlast verulega og Íslendingar leitað á náðir Noregskonungs að nýr lagaskilningur tók að festa rætur þannig að aðstæður sköpuðust til að setja hér lögbók.⁵²

6 Lagasetning á þjóðveldisöld

Í þessum kafla verður fjallað um þau hlutverk lögréttu að rétta lög og gera nýmæli. Þessum hlutverkum hefur verið líkt við löggjafarstarf í fræðaskrifum og því er hér talað um lagasetningu á þjóðveldisöld. Hins vegar verður að hafa hugfast að samkvæmt hugmyndafræði þjóðveldistímans um lög var að öllum líkindum ekki um eiginlega lagasetningu að ræða í nútímaskilningi þess orðs, þ.e. að maður eða hópur manna hafi getað komið saman og sett

⁵¹ Einar Arnórsson: *Réttarsaga Alþingis*, bls. 54.

⁵² Sigurður Línal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 135-136.

bindandi reglur eftir eigin höfði, án tillits til fyrri reglna, venja eða hefða.⁵³ Af þeim sökum verður að setja fyrirvara við þetta orðalag.

6.1 Lagaréttning

Eins og áður hefur komið fram var eitt hlutverka lögréttumanna að rétta lög sín. Gunnar Karlsson telur að lögréttur hafi upphaflega verið kenndar við þetta hlutverk sitt, að rétta lög, þó óvíst sé hvort það hafi verið aðalhlutverk lögréttu á Alþingi.⁵⁴ Eins og fyrr segir voru ekki öll lög þjóðveldisins skráð á bók og töluvert ósamræmi var milli þeirra lagaskráa sem til voru. Því hefur oft þurft að leysa úr þrætum um hvað teldust gildandi lög. Í *Grágás* er að finna ítarleg ákvæði um úrlausn lagaþræta. Þar segir meðal annars:

Nú þræta menn um lögmál, og má þá ryðja lögréttu til ef eigi skera skrár úr. En svo skal að því fara, að beiða með votta goða alla að Lögbergi, og lögsögumann, að þeir gangi í lögréttu og í setur sínar að greiða lögmál þetta svo sem héðan frá skal vera.⁵⁵

Fræðimenn hafa ekki verið á eitt sáttir um hvort hugmyndin hafi við þessar aðstæður verið að setja nýja reglu um eitthvað sem skrár sögðu ekki til um eða hvort þrætuna ætti að leysa í samræmi við gildandi rétt, þ.e. leiða lögin fram. Vilhjálmur Finsen taldi að lagaþrætur hefðu verið leystar með því að setja nýja reglu en Konrad Maurer var þeirrar skoðunar að þrætuna ætti að leysa með því að túlka eldri lög, þ.e. bera vætti um gildandi lög.⁵⁶ Ólafur Lárusson taldi að lagaréttning hafi í raun falið hvort tveggja í sér. Annars vegar hafi menn getað leitað til lögréttu vegna deilu um túlkun gildandi laga og hins vegar ef engin lög voru til um tiltekið atriði. Þá hafi það komið í hlut lögréttu að skera úr um hvað skyldu vera lög um það efni framvegis.⁵⁷ Sigurður Líndal telur að upphafsorð ákvæðisins sem vísað er til hér að ofan bendi til þess að leiða hafi átt í ljós gildandi reglu. Það hafi verið hugsunin að baki réttingu laga. Að rétta lög hafi þar af leiðandi falist í því að færa þau í upphaflegt horf og gera þau réttari.⁵⁸ Telja verður að ályktanir Sigurðar og Konrads Maurer séu í betra samræmi við þær hugmyndir manna um lög á þjóðveldistímanum sem áður hefur verið lýst.

Eftir að lögrétta hafði komið saman var gert ráð fyrir að deiluaðilar kæmu fram og lýstu deiluefninu. Þegar deiluaðilar höfðu lýst deiluefninu áttu goðar á miðpalli að íhuga málið og

⁵³ Að vísu er það ekki alveg svo að Alþingi geti sett reglur alls óbundið af öðrum reglum þar sem við lagasetningu á Íslandi í nútímanum er Alþingi bundið af stjórnarskránni og því er lögum sem brjóta gegn henni ekki beitt í réttarframkvæmd. Sem dæmi um þetta má nefna *Hrd. 1943, bls. 237*, þar sem Hæstiréttur Íslands komst að þeirri niðurstöðu að lög um einkarétt ríkisins til að gefa út rit sem samin eru fyrir árið 1400, brytu gegn prentfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Ákærðu í málinu var því ekki gerð refsing, þ.e. lögunum var ekki beitt.

⁵⁴ Gunnar Karlsson: *Godamening*, bls. 107.

⁵⁵ *Grágás*, bls. 463.

⁵⁶ Gunnar Karlsson: *Godamening*, bls. 108.

⁵⁷ Ólafur Lárusson: *Yfirlit yfir íslenska rjettarsögu*, bls. 105.

⁵⁸ Sigurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 137-138.

höfðu við það tvo umráðamenn sér til halds og trausts. Annar þeirra sat fyrir framan miðpallinn en hinn fyrir aftan. Miðpallsgoðar greiddu svo atkvæði um niðurstöðu málsins og réði afl atkvæða. Með öðrum orðum nægði að meirihluti miðpallsgoða sammæltist um niðurstöðu. Ef atkvæði féllu jafnt þá gildi niðurstaða sú sem lögsögumaður komst að, samanber orð *Grágásar*:

Síðan skal hver goði segja hvað lögin mun kalla og með hvorum hverfa að því máli, og skal afl ráða, en ef þeir eru jafnmargir lögréttumenn hvorirtveggju, er sitt kalla lög hvorir vera, þá skulu þeir hafa mál sitt er lögsögumaður er í liði með. En ef aðrir eru fleiri, þá skulu þeir ráða [...] ⁵⁹

Þrátt fyrir að hugmyndin hafi verið sú að leiða lögin í ljós og rétta þau mun lagaréttning í raun oft hafa leitt af sér nýjar lagareglur.⁶⁰ Þennan þátt lagasetningarinnar má hugsanlega líkja við þá réttarheimild sem í dag er kölluð fordæmi og er í raun sett af dómstólum, enda kemur það í þeirra hlut að leysa úr lagaþrætum í nútímasamfélagi.⁶¹ Sigurður Línadal er enda þeirrar skoðunar að lagaréttning á þjóðveldisöld sé í raun sambærileg dómstörfum í samfélögum sem byggja á þrískiptingu ríkisvalds. Hann véfengir því þá aðgreiningu í löggjafarvald og dómssvald sem löngum hefur verið byggt á í fræðaskrifum, þ.e. að lögrétta hafi einungis haft löggjafarvald með höndum og dómssvald hafi eingöngu verið í höndum dómstóla, svo sem fjórðungsdóma og fimmtardóms.⁶² Gunnar Karlsson vill ekki taka svo djúpt í árinna. Hann bendir á að þetta sé rétt ef eingöngu sé miðað við þá formlegu skiptingu valds milli stofnana sem tíðkast á okkar dögum en hins vegar feli úrlausn lagaþrætu alltaf í sér eins konar löggjafarstarf í eðlinu.⁶³ Telja verður að báðir hafi nokkuð til síns máls en ljóst að nálgun Sigurðar er lögfræðilegri, ef svo má segja. Hann telur þá réttarheimildasköpun sem fólst í lagaréttningu frekar í ætt við nútímaréttarheimildina fordæmi sem verður til í dómaframkvæmd dómstóla, sér í lagi Hæstaréttar. Slíkt er ekki talið til löggjafarstarfs þó úr verði réttarheimild sem getur orðið stoð undir lagareglu. Fordæmi eru talin réttlægri réttarheimild en settur réttur og réttarvenja og víkja því ef ósamræmi er þar á milli. Að þessu leyti er lagaréttning kannski ósambærileg því að setja fordæmi, enda hefur niðurstaða lögréttu haft gildi fram yfir ósambærilegar reglur, hvort sem skráðar væru eða byggðar á venju, sbr. orð *Grágásar* um að í lagaréttningu fælist að „[...] greiða lögmál þetta svo sem héðan frá skal vera“⁶⁴.

⁵⁹ *Grágás*, bls. 463-464.

⁶⁰ Gunnar Karlsson: *Goðamening*, bls. 107 og Sigurður Línadal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 138.

⁶¹ Samanber 2. málsl. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, þar sem segir: „Dómendur fara með dómssvaldið.“

⁶² Sigurður Línadal: „Löggjafarvald og dómssvald í íslenska þjóðveldinu“, bls. 177-178.

⁶³ Gunnar Karlsson: *Goðamening*, bls. 108.

⁶⁴ *Grágás*, bls. 463.

Ólíkar hugmyndir um lög og lagasetningu í réttarkerfi þjóðveldisins annars vegar og nútímans hins vegar, gera það að verkum að þau eru ekki fyllilega samanburðarhæf. Það sést ágætlega á ofangreindum tilraunum til þess að útskýra hlutverk lögréttu með vísan til stofnana nútímans og hlutverka þeirra.

6.2 Nýmæli

Annað af hlutverkum lögréttu, skv. *Grágás*, var að gera nýmæli. Í því virðist hafa falist að setja nýja reglu um tiltekið efni og því hlutverk sem í dag kæmi í hlut löggjafans.⁶⁵ Þegar þetta er athugað betur kemur hins vegar í ljós að nánari ákvæði um nýmæli skortir í *Grágás*. Fræðimenn 19. aldar, t.a.m. Konrad Maurer og Vilhjálmur Finsen, töldu að gerð nýmæla þyrfti að eiga sér stöð í *Grágás*. Því drógu þeir þær ályktanir að fara þyrfti eftir reglum um réttingu laga eða veitingu leyfa við gerð nýmæla.⁶⁶ Einar Arnórsson tók undir þetta sjónarmið og taldi sennilegra að reglur um lausn lögmálsprætna, eins og hann kallaði það, hafi átt við. Þar er hann að vísa til þeirra reglna sem lýst hefur verið í kafla 6.1 um réttingu laga. Hann dró enda þær ályktanir af lestri *Grágásar*, að í úrlausn lögmálsprætna hafi falist lagasetning að því leyti að með úrskurði um slíkt hafi verið gerð breyting á lögum en með nýmælum hafi verið sett lög um efni sem lögin höfðu áður látið ósagt um. Hann taldi eðlilegast að sömu reglur giltu um alla lagasetningu, hvort sem hún færi fram með réttingu laga eða gerð nýmæla.⁶⁷

Reglur um réttingu laga hafa áður verið raktar en samkvæmt þeim þyrfti atkvæði meirihluta miðpallsmanna til að leysa úr lagaþrætu. Vilhjálmur Finsen var þeirrar skoðunar að þær reglur hafi einnig gilt að meginstefnu við gerð nýmæla. Konrad Maurer var hins vegar þeirrar skoðunar að reglur um leyfisveitingar hafi átt við um gerð nýmæla. Þær gerðu kröfu um einróma samþykki lögréttumanna, auk þess sem þingmenn gátu varið leyfisveitingu lýritti, sem Sigður Líndal telur áþekkt því að leggja lögbann við athöfn.⁶⁸ Ólafur Lárusson taldi ólíklegt að einróma samþykki hafi þurft við gerð nýmæla enda myndi það, að hans mati, hafa gert lagasetningu nær óframkvæmanlega ef hver sem er hefði getað komið í veg fyrir samþykkt nýrra laga. Hann taldi því sennilegra að sömu reglur hefðu gilt um gerð nýmæla og lagaréttingu og tók þannig undir hugmyndir Vilhjálms Finsen.⁶⁹

Sigurður Líndal kemst að þeirri niðurstöðu að líklegra sé að einróma samþykki hafi þurft við gerð nýmæla og tekur þannig að vissu leyti undir niðurstöður Konrads Maurer. Máli sínu

⁶⁵ Gunnar Karlsson, *Godamening*, bls. 108 og Sigðurður Líndal: „Löggjafarvald og dómssvald í íslenzka þjóðveldinu“, bls. 177.

⁶⁶ Sigðurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenzka þjóðveldinu“, bls. 139.

⁶⁷ Einar Arnórsson: *Réttarsaga Alþingis*, bls. 58-60.

⁶⁸ Sigðurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenzka þjóðveldinu“, bls. 139.

⁶⁹ Ólafur Lárusson: *Lög og saga*, bls. 80-81.

til stuðnings bendir hann á dæmi um ýmsar frásagnir heimildarrita, svo sem frásögn *Íslendingabókar* um kristnitökuna um árið 1000 og skiptingu landsins í fjórðunga um árið 960. Í báðum tilvikum þurfti samkvæmt frásögnunum að miðla málum þar sem ekki voru allir á eitt sáttir. Sigurður bendir á að það sé vísbending um að meirihluti hafi ekki dugað, heldur hafi þurft samþykki allra. Þá tekur hann dæmi um gerð *Gamla sáttmála* 1262-64. Hann virðist hafa verið gerður í lögréttu 1262 en af honum má ráða að einungis bændur í Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungi hafi staðið að gerð hans. Af swardögum Vestfirðinga sama ár og annarra höfðingja 1263-64 megi svo ráða að þeir hafi einir verið bundnir af þeim sem sóru.⁷⁰ Til nánari rökstuðnings segir Sigurður:

Lögin voru álitin sameiginleg arfleifð sem allir frjálsir menn og fullgildir gátu eignað sér nokkra hlutdeild í [...]. Þessum gömlu og góðu lögum mátti því lúta án þess að fórna frelsinu, enda varð ekki hróflað við þeim, sízt gegn vilja þeirra sem eitthvað áttu undir sér. Öll viðleitni til að knýja fram breytingar eða nýskipan kallaðist *ofríki* eða *lögleysa*. Sú hugmynd að lögin væri sameign í þessum skilningi hlaut að ýta undir að menn sammæltust um nýmæli fremur en valdbyðu þau.⁷¹

Hér vísar hann til hugmynda manna um lög og lagasetningu á þjóðveldistímanum og telur að allar forsendur skorti til að beita meirihlutareglu við gerð nýmæla. Sigurður telur jafnframt að „sú grundvallarregla að nýmæli hafi ekki verið talin binda aðra en þá sem sjálfir samþykktu hefur verið talin svo sjálfsgöð að ekki væri þörf á að festa hana í lög.“⁷²

Gunnar Karlsson telur að vel kunni að vera að sú regla sem Sigurður Líndal setur fram hafi verið í gildi á einhverjum tímamarki. Hann bendir þó á klausu úr *Njáls sögu* sem hann telur hljóta að koma úr lögbók. Um hana segir Gunnar að þar sé Njáll á Alþingi að skipuleggja fimmtardóm en slái skyndilega út í umræðu um lögréttu, sem Gunnar segir að stafi líklega af því að klausunni hafi verið blandað inn í ákvæði um fimmtardóm í lagahandritinu sem Njáluhöfundur notaði. Þá segir Njáll: „En ef þeir verða eigi á sáttir, er í lögréttu sitja, hvat þeir vilja lofa eða í lög leiða, þá skulu þeir ryðja lögréttu til, ok skal ráða afl með þeim.“⁷³ Í textanum virðist á því byggt að meirihlutaregla hafi gilt um gerð nýmæla. Að vísu tekur Gunnar fram að hæpið sé að styðjast við þetta eitt sem heimild um að meirihluti lögréttumanna hafi getað gert nýmæli með bindandi hætti. Hann bendir hins vegar á að fárra heimilda gæti um þetta atriði og því sé varla hægt að hansa það sem fram kemur í þessum texta, en að vel geti verið að reglurnar um þetta hafi verið óskýrar, breytilegar eða reikular.⁷⁴ Gunnar telur að ekki sé hægt að draga aðra ályktun af heimildum um lagasetningu í sögum og *Grágás* en að formreglur við setningu

⁷⁰ Sigurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 139-144.

⁷¹ Sigurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 145.

⁷² Sigurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“, bls. 145.

⁷³ Gunnar Karlsson: *Goðamening*, bls. 111.

⁷⁴ Gunnar Karlsson: *Goðamening*, bls. 111.

nýrra laga hafi skipt minna máli en við teljum í dag, enda séum við að einhverju leyti föst í hugmyndafræði hins þingbundna stjórnarforms síðustu alda. Þess vegna telur hann að reglur um gerð nýmæla séu jafn ónákvæmar og raun ber vitni og frásagnir í sögum um þetta efni óljósar og ólíkar. Gunnar bendir á að þessi ályktun hans passi ágætlega við niðurstöðu Sigurðar Líndal um að það hafi þótt svo sjálfsagt að nýmæli hafi ekki bundið neinn sem ekki sætti sig við þau, að óþarfi hafi verið að festa það sérstaklega í lög. Í raun hafi verið um samkomulagsatriði að ræða.⁷⁵

Telja verður að rök Sigurðar Líndal fyrir niðurstöðu sinni um að einróma samþykki hafi þurft við gerð nýmæla séu nokkuð sannfærandi og í góðu samræmi við ríkjandi lagalega hugmyndafræði þjóðveldistímans. Athugasemdir Gunnars um að formreglur við setningu nýmæla hafi hugsanlega ekki skipt mjög miklu máli koma líka vel heim við þessa niðurstöðu, eins og hann bendir sjálfur á.

7 Niðurstöður

Markmið þessarar ritgerðar var að varpa ljósi á lagahugtakið á þjóðveldisöld með því að kanna hugmyndir manna um lög og lagasetningu í íslenska þjóðveldinu. Ljóst er að þessar hugmyndir og ríkjandi viðhorf tóku miklum breytingum á þeim tíma sem þjóðveldið var við lýði á Íslandi.

Í ritgerðinni var sjónum beint að lagalegri hugmyndafræði miðalda og þeirri þróun sem varð á henni frá falli Vestrómværska ríkisins á 5. öld og fram til loka hámiðalda. Könnun á þessu tímabili leiðir í ljós að germanskur venjuréttur, þar sem lögín voru álitin óskráðar og óbreytanlegar hátternisreglur, náði yfirhöndinni þegar draga tók úr áhrifum Rómverja. Með vexti og viðgangi þjóðríkja Vestur-Evrópu á 12. og 13. öld fór skriflegt, miðstýrt lagasetningarvald að eflast á nýjan leik. Þessi þróun náði einnig til Íslands og sést meðal annars á gerð *Gamla sáttmála* og þeirra lögbóka sem lögfestar voru eftir að Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd.

Sérstökum sjónum var beint að varðveislu laganna á þjóðveldisöld, enda er það mikilvægur þáttur í sérhverju réttarkerfi að lögín séu varðveitt, svo hægt sé að komast að niðurstöðu um hver þau séu við úrlausn lagaþrætu. Af ákvæðum *Grágásar* að dæma var það eitt hlutverka lögsögumanns að segja lögín upp á Alþingi og ber það vott um viðleitni manna til að varðveita lögín með samræmdum hætti. Ljóst er að ritöld hófst áður en íslenska þjóðveldið leið undir lok og heimildir benda til þess að lög hafi verið meðal þess sem fyrst var tekið að skrá niður. Þrátt fyrir það stóðu eftir ýmis álitamál tengd skráðum heimildum og því var það sennilega enn

⁷⁵ Gunnar Karlsson: *Goðamening*, bls. 115.

lagauppsaga lögsögumans á Alþingi sem skipti mestu máli um það hvað teldust lög á hverjum tíma.

Til að kanna réttarheimildir þjóðveldisins voru skoðaðar kenningar fræðimanna og túlkun þeirra á ákvæði Lögréttuþáttar *Grágásar* um gildi lagaskráa. Niðurstaðan um rétt hæð réttarheimilda er sú að efst í réttarheimildarstiganum hafi verið *Haflíðaskrá* og skrár biskupa, aðrar lagaskrár hafi komið þar á eftir og óskráð lög í minni lögspekinga hafi svo verið lagaskrá til fyllingar og túlkunar. Þessi röðun hefur þó ekki skipt máli nema þegar mismunandi skrár hafa skarast á. Jafnframt er komist að þeirri niðurstöðu að ofangreindu ákvæði um gildi lagaskráa hafi verið ætlað að leysa úr því vandamáli að lagaskrár hafi verið mismunandi og oft stangast á, vegna skorts á miðstýrðu lagasetningarvaldi, sem hafi skapað vandræði í réttarframkvæmd. Því var einnig velt upp að líklega hafi ekki verið skilyrði til að setja Íslendingum samræmda lögbók vegna ríkjandi hugmynda um lög og lagasetningu.

Stór hluti ritgerðarinnar fór í að fjalla um það sem kalla má lagasetningu á þjóðveldisöld, enda skipta aðferðir við setningu laga og heimildir til þess miklu um inntak lagahugtaksins hverju sinni. Í fræðaskrifum um íslenska þjóðveldið hefur því gjarnan verið haldið fram að lögrétta hafi haft löggjafarstarf með höndum og dómstörf hafi verið í höndum dómstóla, svo sem fjórðungsdóma og fimmtardóms. Sérstaklega hefur verið fjallað um lagaréttningu og gerð nýmæla í tengslum við löggjafarstarf. Af þeim sökum voru þessi hlutverk lögrétta tekin til skoðunar.

Reifaðar voru mismunandi kenningar fræðimanna um lagaréttningu, tilgang hennar og þeirrar hugsunar sem bjó henni að baki. Komist var að þeirri niðurstöðu að hugmyndin að baki réttningu laga hafi verið að leiða lögin í ljós, færa þau í upphaflegt form og gera þau réttari. Með því er tekið undir hugmyndir Sigurðar Línal og Konrads Maurer um þetta efni. Þá var einnig tekið undir þá kenningu Sigurðar að réttningu laga á þjóðveldisöld megi helst líkja við þá réttarheimild nútímans sem kölluð er fordæmi og myndast í dómaframkvæmd. Að því leyti hafi þessu hlutverki lögrétta svipað meira til dómstarfa en löggjafarstarfs í nútímanum. Hins vegar gerir mismunir á lagalegri hugmyndafræði miðalda og nútímans það að verkum að samanburður af þessu tagi verður erfiðleikum bundinn.

Í gerð nýmæla virðist hins vegar hafa falist að setja nýja reglu um tiltekið efni og fræðimenn almennt sammála um það. Hins vegar skortir formreglur í *Grágás* um þetta hlutverk, sem í dag kæmi í hlut löggjafans. Helstu álitæfni um nýmæli snúa því að þeim reglum sem um þau hafa gilt. Segja má að fræðimenn skiptist í tvo meginhópa hvað þetta varðar; annars vegar þeir sem telja að reglur um réttningu laga hafi einnig gilt um nýmæli og hins vegar þeir sem telja að einróma samþykki hafi þurft til að gera nýmæli. Í ritgerðinni voru reifuð ýmis rök fyrir báðum

kenningum en að lokum tekið undir kenningar Sigurðar Líndal og Konrads Maurer um að líklegra sé að einróma samþykki hafi þurft til. Þær virðast í betra samræmi við lagalega hugmyndafræði miðalda sem telja verður að hafi verið undirliggjandi í starfsemi lögréttu á þjóðveldistímanum.

Saman tekið varpa þau atriði sem að ofan eru talin ljósi á lagahugtakið á þjóðveldisöld og veita innsýn í þær hugmyndir sem menn höfðu um lög og lagasetningu í íslenska þjóðveldinu. Lagahefðin virðist hafa mótast mjög af fyrri framkvæmd og menn talið sig að mörgu leyti bundna af henni. Lausn lagaþræta virðist að mestu hafa byggst á því að leiða fram gildandi rétt en þó hafi verið tækifæri til að skapa nýjar reglur með gerð nýmæla. Að lokum er þó rétt að taka fram að sjálfsagt verður aldrei hægt að komast að afgerandi og endanlegri niðurstöðu um umfjöllunarefni ritgerðarinnar, í raun er það borin von, enda mjög langt um liðið og íbúar íslenska þjóðveldisins hafa legið í gröf sinni í mörg hundruð ár. Þrátt fyrir það er fullt tilefni til að halda áfram að rannsaka þær heimildir sem þó liggja fyrir um þennan tíma til að varpa frekara ljósi á þann mikilvæga og merkilega menningararf sem felst í íslenska þjóðveldinu.

HEIMILDASKRÁ

Einar Arnórsson: *Réttarsaga Alþingis*. Reykjavík 1945.

Grágás. *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfu. Reykjavík 2001.

Gunnar Karlsson: *Goðamening. Staða og áhrif goðorðsmanna í þjóðveldi Íslendinga*. Reykjavík 2004.

Íslensk fornrit XII. Brennu-Njáls saga. Einar Ól. Sveinsson sá um útgáfu. Reykjavík 1954.

Íslensk fornrit I. Íslendingabók. Landnámabók. Jakob Benediktsson sá um útgáfu. Reykjavík 1968.

K. Pennington: „Law, legislation and government, 1150-1300“. *The Cambridge History of Medieval Political Thought c. 350-c. 1450*. Ritstj. J. H. Burns. Cambridge 1988, bls. 424-453.

Ólafur Lárusson: *Lög og saga*. Reykjavík 1958.

Ólafur Lárusson: *Yfirlit yfir íslenska rjettarsögu*. Reykjavík 1932.

P. G. Stein: „Roman Law“. *The Cambridge History of Medieval Political Thought c. 350-c. 1450*. Ritstj. J. H. Burns. Cambridge 1988, bls. 37-51.

Peter Foote: *1117 in Iceland and England*. London 2003.

R. C. Van Caenegem: *Legal History. A European Perspective*. London 1991.

Sigurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“. *Skírnir*, 1984, bls. 121-158.

Sigurður Líndal: „Lögfesting Jónsbókar 1281“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti 1982, bls. 180-195.

Sigurður Líndal: „Löggjafarvald og dómvald í íslenska þjóðveldinu“. *Skírnir*, vor 1992, bls. 171-178.

Sigurður Líndal: „Stjórnskipunarhugmyndir og stjórnarhættir til loka hámiðalda“. *Saga Íslands III*. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík 1978.

Sigurður Líndal: *Réttarsögubættir*. Reykjavík 2012.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I. Grundvöllur laga – réttarheimildir*. 2. útgáfa Reykjavík 2007.

Vilhjálmur Finsen: *Grágás. Islændernes lovbog i fristatens tid*. Endurútgáfa. Óðinsvéum 1974.

Þorsteinn Hjaltason: „Hver er uppruni orðatiltækisins „með lögum skal land byggja“?“, <http://visindavefur.is/svar.php?id=66565>, 1. október 2014 (skoðað 25. febrúar 2018).